

AUGLÝSING

um framboð til kjörs forseta Íslands.

Frestur til að skila framboðum til kjörs forseta Íslands, er fram á að fara 30. júní 1968, rann út laugardaginn 25. þ. m.

Í kjöri til forsetaembættisins eru:

dr. Gunnar Thoroddsen, sendiherra,
dr. Kristján Eldjárn, þjóðminjavörður.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36 12. febrúar 1945, sbr. lög nr. 39 29. apríl 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 27. maí 1968.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 153.

24. maí 1968.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Einstefnuakstur:

1. Á Hverfisgötu til austurs frá Lækjargötu að Ingólfsstræti.
 2. Á Brávallagötu frá austri til vesturs.
 3. Á húsagötum við Miklubraut til austurs.
 4. Á húsagötu við Laugarnesveg til norðausturs.
 5. Á húsagötu við Kleppsveg til austurs.
2. Einstefnuakstur á Hverfisgötu austan Snorrabrautar er felldur niður og upp tekinn tvístefnuakstur.
3. Umferðarljós verða tekin í notkun á eftirtöldum gatnamótum:
 1. Miklubraut — Kringlumýrarbraut.
 2. Miklubraut — Háaleitisbraut.
 3. Miklubraut — Grensásvegur.
 4. Suðurlandsbraut — Álfheimar.
 5. Suðurlandsbraut — Grensásvegur.
 6. Suðurlandsbraut — Kringlumýrarbraut.
 4. Vinstri beygja verður bönnuð á eftirtöldum stöðum:
 1. Af Lækjargötu úr suðri inn í Austurstræti.
 2. Af Laugarnesvegi til austurs inn á Laugaveg.
 3. Af Vallarstræti til norðurs inn í Pósthússtræti.
 4. Af Hringbraut úr vestri inn á Sóleyjargötu.
 5. Af Laugavegi úr vestri inn á Höfðatún.